

## AUGLÝSING

### um gjaldskyldu á bílastæðum við Skúlagötu í Reykjavík.

Borgarráð ákvað eftirfarandi á fundi sínum 7. október 2010, með tilvísun til 20. gr. samþykktar um Bílastæðasjóð Reykjavíkur frá 1. mars 1988, sbr. 2. mgr. 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987:

Bílastæði á lóð nr. 5-9 við Skúlagötu verði gjaldskyld.

Settur verði upp miðamælir á svæðinu sem skilgreinist sem gjaldsvæði III með tímagjaldinu 80 kr. á klukkustund fyrstu 2 klukkustundirnar og 20 kr. á klukkustund eftir það.

Ákvörðunin tekur þegar gildi.

*Borgarstjórinn í Reykjavík, 7. október 2010.*

**Jón Gnarr.**

---

B-deild – Útgáfud.: 25. október 2010